



## Rökæfing

**Tilgangur:** að fá þjálfun í að finna mótsagnir, greina orsök og afleiðingu, og gagnrýna uppbyggilega.

**Hvað átt þú að gera?** Lestu ritgerðina hér að neðan með opnum, en gagnrýnum huga. Leystu síðan verkefnin fyrir neðan. Svör þurfa að vera skýr og ítarleg.

### Uglan

Fuglinn sem ég ætla að skrifa um er ugla. Ég veit ekki mikið um uglur þannig að ég ætla skrifa um leðurblöku. Kýrin er spendýr. Hún hefur sex hliðar þ.e. hægri hlið, vinstri hlið efri hlið og neðri hlið. Að aftan hefur hún halann sem burstinn hangir í. Með burstanum fælir hún flugurnar í burtu svo þær komist ekki í mjólkina.

Höfuðið er til þess að hornin geti vaxið og að munnurinn geti verið einhversstaðar. Hornin eru til þess að stanga með en munnurinn til að borða með. Undir kúnni hangir mjólkinn. Mjólkinn kemur bara og kemur, alveg endalaust. Hvernig kýrin gerir þetta hef ég ekki ennþá komist að en hún getur búið til meira og meira.

Kýrnar hafa mjög næmt lyktarskyn og lyktin af þeim finnst mjög langt langt í burtu. Það er skýringin á ferska sveitaloftinu. Karlmannskýr eru kölluð naut. Þau eru ekki spendýr.

Kýrnar borða ekki mikið en það sem þær borða, borða þær tvisvar svo þær fái nóg. Þegar þær eru svangar þá baula þær en þegar þær segja ekki neitt þá er það vegna þess að þær eru pakksaddar.

Pórunn Sóley (11 ára)

1. Finndu 2 dæmi um mótsagnir í ritgerðinni, þ.e. dæmi um að höfundur haldi 2 hlutum fram sem eru andstæðir, útiloka hvor annan.

---

---

---

---

---

---

